

70  
23. febr.

## AUGLÝSING

um starfsreglugerð við samninginn um póstviðskiptin milli Danmerkur,  
Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Póststjórnirnar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa komið sér saman um, að í póstviðskiptunum milli þessara fimm landa skulu eftirfarandi sérstöku reglugerðar-ákvæði gilda frá og með 1. janúar 1935.

### 1. gr.

#### Góðgerðamerki.

Góðgerðamerki má láta á bréfapóstsendingar eftir því sem innanrikisákvæði sendilandsins mæla fyrir.

### 2. gr.

#### Bréfa- og verðbréfaskrár.

Eyðublöð undir bréfa- og verðbréfaskrár ákveðast eftir nánara samkomulagi milli póststjórnanna.

Pósthús þau, sem skiptast á milliríkjasendingum í sambandi milli Noregs og Svíþjóðar eingöngu, skulu undir almennar og meðmæltar sendingar nota bréfaskrár eins og þau eyðublöð, sem notuð eru í innanríkisþjónustunni hjá hlutaðeigandi landi.

### 3. gr.

#### Stimplun sendinga, sem koma í bréfaökssum.

Bréfapóstsendingar þær, sem nefndar eru í 3. lið 1. greinar sammingsins, skulu af póststjórn móttökulandsins stimplaðar með sérstökum stimpli, er sýni sendilandið.

### 4. gr.

#### Hámark þyngdar og stærðar á böggjum til og frá Íslandi.

1. Hámark þyngdar er:

Fyrir böggla til og frá íslenskum pósthúsum á viðkomustöðum póst- skipanna .....	20 kg.
— — — — — öðrum íslenskum pósthúsum .....	2½ —

Böggla yfir 2½ kg. að þyngd má þó senda til annara staða en viðkomustaða póstskipanna, en þeir eru þá aðeins fluttir til pósthússins á þeim viðkomustað, sem liggur næst ákvörðunarstaðnum. Þetta pósthús gerir viðtakanda aðvart um komu böggulsins.

2. Böggjar, sem flytjast eiga með íslenskum landpóstum, mega ekki vera yfir 46 sm. á lengd né 23 sm. á breidd eða þykkt.

## 5. gr.

**Afgreiðsla á bögglaþósti m. m.**

70

23. febr.

1. Hraðflutningsböggjum skal haldið aðgreindum frá öðrum pósti. Þókar með hraðflutningsböggjum skulu bera greinilega áletrun um að slíkir böggjar séu í þeim.

2. Reikningsskil á transítgjöldum fyrir böggla í lokaðri transít frá einu samningslandanna til annars fara fram eftir mánaðarlegum samdráttum, sem viðskiptapósthús ákvörðunarlandsins, sem fær póstin, býr út eftir innfærslunni á sérstökum transításkrá. Þetta pósthús sendir síðan samdrættina ásamt transításkránum til pósthúsnar transítlandsins, sem sér um að þeir séu teknir upp í reikningsskilin.

3. Reikningsskil á transítgjöldum til norsku og sænsku pósthúsnarinnar fyrir flutning á böggjum í lokaðri transít milli Færeyja og sjálftrar Danmerkur og milli Borgundarhólms og sjálftrar Danmerkur fara fram samkvæmt mánaðaruppgjöri á samanlagðri þyngd sendinganna, og sér hlutaðeigandi danskt viðskiptapósthús um tilbúning þess og staðfesting á því.

4. Eyðublöð undir bögglaþóstskrár, transításkrár og komuskrár ákveða pósthúsnarinnar nánar.

## 6. gr.

**Afhending og skil á pósthúsnarflutningi.**

Afhending og skil á pósthúsnarflutningi fara fram um borð, þegar flutt er með ferju eða eimskipi og í pósthúsnarvagni sé flutt með honum.

Afhending og skil á verð- og bögglaþókum fara fram gegn kvittun.

## 7. gr.

**Blöð og tímarit.**

1. Transítgjöld þau fyrir blöð og tímarit, sem ákveðin eru í 2. lið 11. greinar samningsins, reiknast út fimmta hvert ár samkvæmt reglunum í 2. málsgrein hér að neðan. Hin útreiknuðu gjöld skulu, auk ársins sem þau eiga við, greiddast með sömu upphæðum árlega næstu 4 árin.

Gjöldin reiknast fyrsta skipti út fyrir árið 1935 eftir samanlagðri tölu blaða og tímarita, sem hafa á árinu flutzt í transít yfir hlutaðeigandi land. Útreikningur þessi, sem er gerður af útgáfulandinu í lok ársins sem hann á við, er sendur pósthúsnarhlutaðeigandi transítlands með hjálögðum viðurkenndum ársfjórðungsreikningum í frumriti. Greiðslur þær, sem inna ber af hendi árlega færast til reiknings á fyrsta ársfjórðungi næsta árs á eftir.

2. Við flutning á áskriftum gegn sérstöku 50 aura, í Finnlandi 5 marka, gjaldi, skal þess gætt er hér segir:

Beiðni um áskriftarflutning skal gilda frá ákveðnum degi um óákveðinn tíma, og er því aðeins tekin til greina, að beiðni sé um flutninginn á einn stað, en ekki samtímis á marga staði, hvern á eftir öðrum.

**70** Hina skrifuðu beiðni um flutninginn sendir pósthúsið á ákvörðunarstaðn-  
23. febr. um fram að þessu til viðskiptapósthússins innanlands, sem í hlut á, en það til-  
kynnir aftur þeim pósthúsum, sem varða um flutninginn. Þegar póstaritun hins  
nýja ákvörðunarstaðar er engum vafa undirorpin, má auk þess senda beiðnina  
beina leið til pósthúss útgáfustaðarins, ef ætla má að sending hennar um við-  
skiptapósthúsið eingöngu, seinki flutningnum.

Þóknunin fyrir flutning greiðist í frímerkjum, sem límast á beiðnina.

### 8. gr.

#### Reikningsskil.

Aðalreikningar milli:

Danmerkur og Finnlands	eru búnir til af dönsku	póststjórninni					
— — Íslands	— — — —	— — — —					
— — Noregs	— — — —	— — — —					
— — Svíþjóðar	— — — —	— — — —					
Finnlands — Íslands	— — — —	finnsku					
Noregs — Finnlands	— — — —	norsku					
— — Íslands	— — — —	— — — —					
Svíþjóðar — Finnlands	— — — —	sænsku					
— — Íslands	— — — —	— — — —					
— — Noregs	— — — —	— — — —					

Aðalreikningarnir skulu gerðir ársfjórðungslega og sendir póststjórn hlutað-  
eigandi lands. Reikningsjöfnuðurinn greiðist án þess að beið sé eftir endurskoð-  
un, og villur, sem fram kunna að koma, leiðréttast í næsta aðalreikningi.

Reikningsskil vegna póstávisana- og blaðaviðskipta fara fram á þann hátt,  
sem póststjórnirnar koma sér saman um.

### 9. gr.

#### Mál.

Allar bréfaskriftir milli póststjórnanna skulu fara fram á dönsku, norsku  
eða sænsku.

Gerð í fimm eintökum — einu á íslensku, einu á dönsku, einu á finnsku  
og sænsku, einu á norsku og einu á sænsku — Í Reykjavík, Kaupmannahöfn,  
Helsingfors, Oslo og Stokkhólmi þann 31. desember 1934.

Fyrir Ísland: S. Briem. Fyrir Danmörku: C. Mondrup.

Fyrir Finnland: G. E. F. Albrecht. Fyrir Noreg: Klaus Helsing.

Fyrir Svíþjóð: Anders Örne.

Þetta er hérmeð birt almenningi.

*Í ríkisstjórn Íslands, 23. febrúar 1935.*

Haraldur Guðmundsson.